



Græna planið - innleiðing húsnæðisáætlunar 2021 - auglýsing eftir samstarfsaðilum

Lagt er til að borgarráð samþykki að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að auglýsa eftir samstarfsaðilum sem hafa uppi áform um húsnæðisuppbýggingu án hagnaðarsjónarmiða í borginni á næstu tíu árum.

Greinargerð

Verkefnið er hluti af Græna plani Reykjavíkurborgar sem miðar að því að skapa græna, vaxandi borg fyrir fólk. Efnahagsvið Græna plansins felst meðal annars í húsnæðisáætlun borgarinnar sem stefnir að því að í borginni byggist árlega upp 1.000 íbúðir þar af 250 íbúðir á vegum húsnæðisfélaga. Á undanförunum árum hefur mjög kraftmikil uppbygging á fjölbreyttu húsnæði átt sér stað í borginni bæði á vegum einkaaðila og húsnæðisfélaga. Samvinna við traust húsnæðisfélög sem hafa fjárhagslega burði til að ráðast í uppbyggingu og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða er lykilþáttur í framfylgd húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar og Græna plansins. Bæði getur verið um aðila að ræða sem byggja húsnæði á grundvelli stofnframlaga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en einnig aðila sem vinna utan þess. Með auglýsingunni er kallað eftir áhuga og áformum óhagnaðardrífinna uppbyggingaraðila og verður jafnframt óskað eftir upplýsingum um reynslu, fjárhagslega getu og samþykktir viðkomandi félaga.

Niðurstöður svara úr auglýsingunni verða nýttar við að móta úthlutunaráætlanir komandi ára og við uppfærslu á húsnæðisáætlun.

Drög að auglýsingunni eru hjálögð.

Dagur B. Eggertsson

Reykjavíkurborg leitar að samstarfsaðilum um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis?

Reykjavíkurborg auglýsir eftir samstarfsaðilum sem hafa uppi áform um húsnæðisuppbyggingu án hagnaðarsjónarmiða í borginni á næstu tíu árum.

Bæði getur verið um aðila að ræða sem byggja húsnæði á grundvelli stofnframlaga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en einnig aðila sem vinna utan þess.

Óskað er eftir upplýsingum frá áhugasömum um eftirfarandi atriði:

- Framtíðarsýn aðila um uppbyggingu
- Möguleg verkefni í Reykjavík
- Fjöldi íbúða í hverju verkefni
- Áætlaða tímalínu
- Reynslu af uppbyggingu hagkvæms húsnæðis
- Fjárhagsleg geta og fyrirhuguð fjármögnun
- Skipulag og samþykktir félagsins

Hér er ekki um útboð að ræða heldur er þetta opið kall eftir samstarfsaðilum og verða niðurstöðurnar notaðar til þess að móta framtíðaráætlun um úthlutun lóða til húsnæðisuppbyggingar án hagnaðarsjónarmiða í borginni.

Verkefnið er hluti af Græna plani Reykjavíkurborgar sem miðar að því að skapa græna, vaxandi borg fyrir fólki. Efnahagsvið Græna plansins felst meðal annars í því að í borginni byggist árlega upp 1.000 íbúðir þar af 250 íbúðir á vegum húsnæðisfélaga.

Samvinna við traust húsnæðisfélög sem hafa fjárhagslega burði til að ráðast í uppbyggingu og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða er því lykilþáttur í framfylgd húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar og Græna plansins.

Nánari upplýsingar um Græna planið má nálgast á: <https://graenaplanid.reykjavik.is>